

Alþingi
Erindi nr. P 123/969
komudagur 16.2.'99

Reykjavík, 1999-02-15



Vernd
- fangahjálp

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á l. um meðf. opinberra mála, nr. 19 26. Mars 1991. Sbr. bréf allherjan. dags. 8/2 s.l.

Hér er um viðamiklar breytingar að ræða á umræddum lögum og ástæða til að gefa meira svigrúm til þess að gera sthugasemdir við frumvarpið að mínu mati. Við yfirlestur frumvarpsins verður þó ljóst að um er að ræða talsverðar réttar - bætur frá því sem nú er. Því er mælt með samþykkt þess með effirfandi athugasemdum:

Það er rétt spor að sýknudómur í máli veiti tvímælalaust rétt til bóta úr ríkissjóði (42. gr.). Annað misbýður almennri réttlætiskennd.

Ennfremur skal á það bent, að krafan um greiðslu sakarkostnaðar úr hendi dómþola svo sem nú er og verður líklega áfram, getur oft orkað tvímælis svo ekki sé meira sagt. Ég hygg að flestum sé ljóst að dómþolar eru mjög oft, raunar lang oftast, fátækt fólk, með litla sem enga greiðslugetu. Ég hef dæmi (mál s-1011/1997) um kröfu á einstakling vegna sakarkostnaðar uppá á kr. 131.500,- vegna geðlæknisrannsókar sem skjólstæðing var gert að sæta. Að sögn viðkomandi skjólstæðings fóru fram tvö viðtöl milli hans og geðlæknisins og tóku þau um það bil 40 mín. hvort að því er viðkomandi skjólstæðingur tjáði mér að lægi fyrir skjalfest. Viðkomandi er öryrki og hefur enga möguleika á að greiða þennan háa og ósanngjarna sakarkostnað.

Með hliðsjón af framsögðu um litla greiðslugetu skjólstæðinga almennt er lagt til að litið verði á allan sakarkostnað sem þátt í réttargæslu sem ríkissjóður stendur straum af.

Til vara er lagt til að dæmdur sakarkostnaður dómþola verði aldrei hærri en sem nemur tiltekinni upphæð er ákvarðist með hliðsjón af tekjum viðkomandi dómþola.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Grímsson
formaður Verndar

Stofnunarvernd
Kt. 680269-1579